


Sorpstöð Rangárvallasýslu
Ágúst Ingi Ólafsson
Hlíðarvegi 16
860 Hvolsvelli




UMHVERFISSTOFNUN


Reykjavík, 28. september 2012
Tilvísun: UST20120600071/edk

Staðfesting á úrbótum - máli lokið

Umhverfisstofnun vísar í bréf dagsett 15. maí 2012 þar sem fjallað er um frávík sem kom fram við eftirlit hjá Sorpstöð Rangárvallasýslu, sem fram fór 21. nóvember 2011. Frávikið varðar að Umhverfisstofnun hafði ekki borist staðfesting um starfsleyfistryggingu fyrir urðunarstaðinn að Strönd. Farið var fram á að slík staðfesting yrði send stofnuninni fyrir 7. júní 2012. Sorpstöðin valdi að tryggingin yrði á formi yfirlýsingar sveitarfélags og þar sem þrjú sveitarfélög standa að Sorpstöðinni og samþykki allra var krafist samþykkti Umhverfisstofnun að framlengja frestinn til að skila þessu inn. Yfirlýsingar frá Rangárþingi eystra og Rangárþingi ytra bárust stofnuninni 5. september sl. og staðfesting Ásahrepps barst 19. september sl. Staðfestingar sveitarfélaganna teljast fullnægjandi af hálfu Umhverfisstofnunar og telst frávík er varðaði vöntun á starfsleyfistryggingu nú að fullu bætt.

Virðingarfyllst


Kristín Linda Arnadóttir
forstjóri


Sigríður Kristjánsdóttir
deildarstjóri

Afrit: Heilbrigðisnefnd Suðurlands